



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Umfjöllun um kvennalandsliðið í knattspyrnu

Hvernig hefur umfjöllunin hjá stærstu dagblöðunum þróast
síðustu tíu árin?

Anton Ingi Leifsson

**Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020**

Umfjöllun um kvennalandsliðið í knattspyrnu
Hvernig hefur umfjöllunin hjá stærstu dagblöðunum þróast
síðustu tíu árin?

Anton Ingi Leifsson

Sex eininga lokaverkefni sem er hluti af *Bachelor of arts-prófi*

í fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi: Birgir Guðmundsson

Félagsvísindadeild

Háskólinn á Akureyri

Danmörk, 12. maí 2020

Umfjöllun um kvennalandsliðið í knattspyrnu

Stuttur titill: Þróun umfjallana um kvennalandsliðið í fótbolta

6 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi
í fjölmiðlafræði

Höfundarréttur © 2020 Anton Ingi Leifsson
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Anton Ingi Leifsson 2020
B.A. verkefni
Félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
16 blaðsíður

Útdráttur

Í þessari rannsókn er markmiðið að skoða hvort og þá hvernig umfjöllun um íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur þróast milli áratuga, frá árinu 2009 til 2019.

Tilgangurinn er að sjá hvert umfjöllun um kvennalandsliðið stefnir og á hvaða leið við erum með umfjallanir um fótboltalandsliðið sem hefur farið á þrjú stórmót. Skoðað verður hvernig umfjallanir stærstu blaða Íslands á þessum tíma, Fréttablaðsins og Morgunblaðsins, hefur verið um kvennalandsliðið á þessum áratug og bera það að hluta til saman við karlalandsliðið á þessum sömu árum en lengi vel hefur verið rætt um hversu misjafnt hefur verið fjallað um þessi tvö ágætu knattspyrnulandslið okkar. Farið verður í orðræðugreiningu á umfjöllunum um keppnisleiki liðanna og einnig skoðaðar myndastærðir sem og leturstærð þegar fjallað er um liðin. Einnig er rætt við leikmenn, núverandi og fyrrverandi, og einnig rætt við fjölmiðlamann sem hefur staðið þessum liðum ansi nálægt allan þennan tíma sem um ræðir en stendur nú aðeins fyrir utan sviðið. Í niðurstöðunum má sjá að þrátt fyrir áralanga baráttu er jafnréttinu ekki fullkomlega náð á þessum stað eins og fleirum. Mikið hefur þó breyst, umfjallanirnar hafa orðið líkari með árunum, plássið orðið svipað í báðum blöðum og margt sem stefnir í góða og rétta átt.

Lykilhugtök

Landslið, knattspyrna, Fréttablaðið, Morgunblaðið.

Abstract

In this study, I have a look on how the media has developed about covering the women's national team in football in Iceland in the last decade. I'll compare how the two of the biggest Icelandic press; Fréttablaðið and Morgunblaðið do their reviews about the women's national team in football. We compare how they deal with the both teams during a ten year period; from 2009 to 2019 and take all games in qualification from both teams. There will we have a look at the details about picture sizes, headline sizes and discover analysis. We will see how their coverage is and how their words are used in terms of how important each game is - and how important it is for the nation.

Formáli

Eftir að hafa unnið sem blaðamaður síðustu ár og starfað innan þessa geira fannst mér réttast að beina spjótum mínum að því sem ég elska mest; blaðamennsku og íþróttum. Eftir að hafa legið vel og lengi yfir þessu þá ákvað ég að beina spjótum mínum að umfjöllun um kvennalandsliðið í knattspyrnu þar sem greining bæði vekur áhuga minn og getur vonandi verið fróðleg og fræðileg fyrir marga tengda knattspyrnu og fjölmiðlum.

Ritgerðin er lokaverkefni í fjölmiðlafræði til BA prófs í Háskólanum á Akureyri. Ég vil þakka Birgi Guðmundssyni, leiðbeinanda mínum, kærlega fyrir aðstoðina, utanumhaldið og hvatninguna. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni sem hvatti mig til dáða í að stíga yfir þennan hjalla og sigla þessu í höfn á tímum eins og þessum. Síðast en ekki síst vil ég þakka Jóni Hirti Emilssyni fyrir samfylgdina í gegnum námið og hvatningarorðin á erfiðri stundum.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Rannsóknir og aðferðir.....	3
Niðurstöður	4
Tölfræðileg niðurstaða.....	4
Orðræðugreining – fyrri undankeppni.....	4
Síðari undankeppnin – hvernig breyttist umfjöllunin?	8
Mat landsliðskvemma	9
Umræður	12
Heimildaskrá	14

Inngangur

Íþróttumfjöllun og mismunun fjölmiðlanna á kynjum hefur verið mikil í þjóðfélagsumræðunni undanfarin ár og jafnvel áratugi. Það hefur haldist hönd í hönd við áratuga umræðu um kynjaskekkju almennt. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi og sú krafa gerð til þeirra að þeir miðli þessum upplýsingum um karla- og kvennaíþróttir með sambærilegum hætti, en það er einnig togstreita í þessu samhengi því yfirmennirnir hugsa einnig um hvernig þeir fá sem bestan lestur og lengi hefur áhugi á karlaíþróttum verið meiri en á kvennaíþróttum. Það þarf að halda fjölmiðlinum gangandi með að selja auglýsingar og gæta þarf að lestrartölum og fleiru - svo spurningin um hvort það eigi að vera meira af karla- eða kvennafréttum er ekki einföld.

Það hefur mikið verið rætt um kynjamisrétti og margir bent á að umfjöllun um kvennaknattspyrnu sé ekki á sama stalli og þegar fjallað eru um stráka- eða karlaknattspyrnu. (Lavoi, Nicole M., 2013). Landsliðskonur í bæði handbolta og fótbolta hafa tjáð sig um litla umfjöllun almennt um kvennaíþróttir og skotið föstum skotum í átt að fjölmiðlum sem þær segja hafa lítinn sem engan áhuga á að fjalla um þær á meðan karlarnir fá alltaf sinn skerf af umfjöllun og tíma. (Auður Ösp, 2016). En er þetta í rauninni rétt? Er pottur brotinn?

Í árána rás hefur verið mikið fjallað um þetta málefni og konum hefur oft á tíðum fundist á sér brotið og barist fyrir auknu jafnrétti. Það er ekki bara í helstu fyrirtækjum landsins heldur eru það einnig í íþróttahéimnum sem konur hafa þurft að berjast fyrir sinni umfjöllun og þurft að láta í sér heyra svo að rödd þeirra yrði komið á framfæri. Það eru ekki nema tvö ár síðan að settur var á laggirnar sérstakur uppgjörspáttur í sjónvarpi fyrir efstu deild kvenna í knattspyrnu en slíkur þáttur hafði verið á dagskrá fyrir efstu deild karla í knattspyrnu í meira en áratug. Í rannsókn frá árinu 2015 kemur fram að prósentuskiptingin eftir kynjahlutfalli í íþróttufréttum Morgunblaðsins er sú að einungis fjórðungur fréttar sem birtist í blaðinu er af kvenfólki (Óðinn Svan Óðinsson, 2015).

Ef við höldum áfram að leita í rannsóknum sem hafa verið gerðar um svipað málefni og gert verður í þessari ritgerð má einnig skoða rannsókn sem var gerð árið 2013 þar sem bornar voru saman iðkendatölur í kvennaknattspyrnu og þær bornar saman við umfjallanir. Miðlarnir voru mbl.is, ruv.is og fotbolti.net. Það voru sláandi niðurstöður; einungis 9,1% fréttar snérist

um kvenknattspyrnu en ef teknir voru iðkendur á sama tíma hér á landi þá voru stelpur um 30% sem æfðu fótbolta þetta árið (Þórhildur Ólafsdóttir, 2013).

Í greinargerð sem Ivana Katsarova hjá rannsóknarmiðstöð Evrópuþingsins vann fyrir Evrópuþingið er bent á að fjölamiðlaathygli sé mikilæg fyrir knattspyrnuna því það auki vegsemd og stöðu bæði leikmanna og félagsliða. Í því ljósi segir Katsarova að freistandi geti verið að mæta lítilli umfjöllun sjónvarpsstöðva um kvennaknattspyrnuna með því að setja sérstakan lágmarks kvóta fyrir slíka umfjöllun sem sjónvarpsstöðvar yrðu að fylla (Ivana Katsarova, 2019).

Það þarf heldur ekki ekki að fara lengra en aftur til ársins 2016 þar sem ein besta landsliðkona Íslands, síðustu ár, steig fram og birti pistil á Facebook-síðu sinni þar sem hún sagði að staðan væri einfaldlega sorgleg á Íslandi hvað varðar áhuga á kvennaknattspyrnu. Umfjöllunin væri nánast engin og fjölmiðlarnir hefðu ekki áhuga á því að fjalla um kvennaíþróttir af þeirri ákefð sem þeir höfðu til að fjalla um karla og íþróttastundir þeirra (Auður Ösp, 2016). Stelpur eiga erfiða að finna sér kvenfyrirmyndir sökum minni umfjöllunar um stöllur þeirra (Særún Gunnlaugsdóttir, 2019).

Í rannsókn frá árinu 2010 er sagt frá því að karlar komi mun oftari fyrir í íþróttafréttum en konurnar eiga frekar sviðið þegar fréttirnar snúast um fræga fólkið. Í rannsókninni er einnig farið ofan í kjölinn á fréttum í Morgunblaðinu þar sem er t.d. nefnd frétt um íslenska kvennalandsliðið í handbolta þar sem eina nafnið sem er nefnt er nafn þjálfarans, sem er karlkyns. Þegar talað er um karlaliðin í fótbolta og körfubolta voru hins vegar allir leikmennirnir nefndir. Einungis níu konur voru nefndar gegn hundrað körlum í þeim fréttum sem voru skoðaðar. (Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010)

Í skýrslu frá Evrópusambandinu sem unninn var á síðasta ári, árið 2019, kemur fram að þrátt fyrir allt sé stefnan þó í rétta átt. Þar segir einnig að það sé kvennaknattspyrnan sem dregur vagninn og umfjöllun um hana er sú sem vex mest með degi hverjum. (Ivana Katsarova, 2019). Í ljósi þess sem að framan greinir vaknar sú spurning hver þróunin hafi orðið á undanförunum árum. Rannsóknarspurning þessa verkefnis er því sú, hvort fjölmiðlar séu meðvitaðari um kynjaumræðuna og hafi breytt umfjöllun sinni síðasta áratuginn eða hvort

umfjöllun um landsliðið í kvennakkattspyrnu sé enn minni og lítilvægari en umfjöllun um karlalandsliðið?

Rannsókn og aðferðir

Rannsóknin gekk út á að kanna hvort umræðan um kvennakkattspyrnu í fjölmiðlum á Íslandi hafi þróast frá árinu 2009 og tíu ár fram í tímann, í takt við umfjöllunina í samfélaginu og heiminum öllum um jafnréttismál íþróttum. Beitt var bæði eigindlegri og meginlegri aðferð til að svara þessari spurningu. Rýnt var í umfjallanir um hvern einasta landsleiki hjá báðum kynjum í tveimur mismunandi undankeppnum fyrir bæði EM og HM. Fyrri undankeppnin hjá strákunum var á tímabilinu 6. september 2008 til 5. september 2009. Fyrri undankeppnin hjá stelpunum var frá 17. september 2009 til 25. ágúst 2010. Síðari undankeppnin hjá strákunum var 22. mars 2019 til 17. nóvember sama ár en síðari undankeppnin hjá stelpunum var á tímabilinu 18. september 2017 til 4. september árið eftir. Ítarlega var skoðuð hver einasta umfjöllun og meðal annars farið yfir stærð myndar, stærð fyrirsagnar og umfjöllunin orðræðugreind.

Orðræðugreining skoðar hvernig textinn lýsir aðstæðum og því umhverfi sem hann er í á þeim tíma og notuð er svo kölluð póstrúkúralísk hefð. Margir hafa gengið enn lengra og tengt saman bæði mál- og félagsvísindi og gæti t.d. þar af leiðandi eitthvað leynst í textanum sem gefur til að kynna meira mikilvægi karlanna eða kvennanna? Kannað var hvort að einhverjar sviðsmyndir komu þannig upp í textanum sem tengdu saman orðræðu og aðstæðurnar. Einnig var kannað hvort að einhverjar staðalímyndir fundust í textanum en eins og Kristin Björnsdóttir (2013) hefur bent á er stundum öðruvísi talað um konur sem eru á nákvæmlega sama stað í lífinu og karlar. (Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Þetta var allt skoðað og metið af sama aðila til þess að gæta samræðis og samfellu í mati. Myndunum var skipt upp í tvo flokka; stórar myndir og litlar myndir. Einnig voru teknar fyrirsagnir í báðum blöðunum og þeim var skipt upp í þrjá flokka; mjög stórar - meðalstórar og litlar fyrirsagnir. Tekin voru viðtöl við landsliðskonur, bæði núverandi og fyrrverandi, og þær tjáðu sína skoðun á þróuninni á þeim tíma sem þær hafa verið í landsliðinu eða fylgst með. Loks var rætt við fjölmiðlamann sem hefur verið í kringum bæði þessi landslið í rúman áratug en stendur nú aðeins fyrir utan heildarmyndina.

Niðurstöður:

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst verður farið yfir tölulegar niðurstöður innihaldsgreiningarinnar og í framhaldinu farið yfir orðræðugreininguna í umfjöllun um undankeppni liðanna fyrir HM og EM á tveimur mismunandi tímabilum.

Tölfræðileg niðurstaða

Þegar rýnt er í sjálfar umfjallanirnar kemur fram að það er munur á milli kynja hjá Fréttablaðinu og örlítill hjá Morgunblaðinu, en þó meiri hjá Fréttablaðinu, þó bara í fyrri undankeppninni. Umfjallanir Fréttablaðsins breytast frá árunum 2009 til 2019. Í fyrri undankeppninni fengu einungis fjórir leikir af sex hjá stelpunum stóra mynd og fyrirsögn en strákar fengu það í öllum átta leikjum sínum í undankeppninni.

Myndir úr Fréttablaðinu	Stórar	Litlar	Fyrirsagnir úr Fréttablaðinu	Stórar	Litlar
Fyrri undankeppni karla	8		Fyrri undankeppni karla	8	
Fyrri undankeppni kvenna	4	6	Fyrri undankeppni kvenna	4	6
Seinni undankeppni karla	9		Seinni undankeppni karla	9	
Seinni undankeppni kvenna	8		Seinni undankeppni kvenna	8	

Myndir úr Morgunblaðinu	Stórar	Litlar	Fyrirsagnir úr Morgunblaðinu	Mjög stórar	Meðalstórar	Litlar
Fyrri undankeppni karla	8		Fyrri undankeppni karla			8
Fyrri undankeppni kvenna	10		Fyrri undankeppni kvenna			10
Seinni undankeppni karla	10		Seinni undankeppni karla	3		7
Seinni undankeppni kvenna	8		Seinni undankeppni kvenna			8

Mynd 1: Niðurstöður úr greiningu á myndarstærðum og fyrirsögnum í blöðunum.

Þegar í síðari undankeppnina er komið fá stelpurnar stóra fyrirsögn og mynd í öllum átta leikjum sína rétt eins og strákar í öllum tíu leikjum sínum. Hjá Morgunblaðinu er í báðum undankeppnum alltaf stór mynd og fyrirsögn en eini munurinn á kvenna- og karlalandsliðinu er sá að strákar fá í þrígang fyrirsögn og mynd sem ná yfir heila opnu í síðari undankeppninni sem við rýndum í. Það fengu stelpurnar ekki. Taka skal þó fram að hér er einungis að ræða umfjöllunina sjálfa - ekki samtengt efni eins og viðtöl, einkunnir og aðra tölfræðimola sem voru í mun stærri mæli hjá báðum blöðum í kringum karlalandsliðið. Einnig er gaman að bera saman fyrstu umfjöllunina hjá Fréttablaðinu í fyrri undankeppninni gegn þeirri síðustu í síðari undankeppninni og sjá muninn. Töluverður munur þar á.

Niðurstöðukafli - fyrri undankeppni:

Þegar litið er á undankeppnirnar báðar, bæði karla- og kvennamegin, eru auðvitað ýmsir punktar sem blasa strax við manni. Ef horft er til fyrri undankeppni beggja kynja til að byrja

með þá má sjá strax í fyrstu umfjölluninni um fyrsta leik kvennaliðsins í fyrri undankeppni í Fréttablaðinu að hún er einfaldlega ekki upp á marga fiska. Lítið viðtal við markadrottninguna Margréti Láru Viðarsdóttur og þjálfara liðsins á þeim tíma Sigurð Ragnar Eyjólfsson. (Sjá mynd 2).



Mynd 2: Til vinstri má sjá efst á síðunni örstutta umfjöllun um fyrsta leiki stelpnanna sem var skoðaður - þar sem er örstutt viðtal við þjálfarann. Í síðasta leik síðari keppinnar er það heilsíða fyrir stelpurnar okkar.

Þetta var ekki eini leikurinn þar sem lítil mynd og örstutt viðtal var „umfjöllun“ Fréttablaðsins, með örlitlum texta inn á milli viðtala, því í þriðja leik undankeppninnar var umfjöllunin með svipuðum hætti. Liðið vannur svo stórsigur í öðrum leiknum en í stað þess að liðinu sé hrósað eins og var iðulega gert þegar strákarnir áttu í hlut - þá var því slegið upp í fyrrisögn að andstæðingarnir voru slakir. „Þessi leikur var því ekki einu sinni eins og létt æfing fyrir íslensku stelpurnar,“ segir í umfjöllun Fréttablaðsins (Óskar Ófeigur Jónsson, 2009). Morgunblaðið slær í svipaðan streng: „Liðið verður vart dæmt af þessum leik þar sem yfirburðirnir voru algjörir enda eistneska liðið trúlega eitt það slakasta sem hingað hefur komið,“ segir í frétt Morgunblaðsins. (Skúli Unnar Sveinsson, 2009).

Eftir einn leikinn hjá körlunum var hins vegar mikil gleði þrátt fyrir sigurinn á einu slakasta liði riðilsins, Makedóníu. „Það var gaman að sjá íslenska liðið. Leikmenn geisluðu af sjálfstrausti og þorðu að halda boltanum vel innan liðsins en á það hefur Ólafur þjálfari lagt mikla áherslu á“ (Henry Birgir Gunnarsson, 2008). Nokkrum vikum áður höfðu stelpurnar unnið leik gegn einu af slakari liðum riðilsins, eins og talað var um hér ofan, en þá var talað um slakt lið gestanna. Það er eins og það sé meira lagt upp úr hverjum sigri strákanna og að

þeir séu mikilvægari á einhvern hátt - á meðan leikirnir hjá stelpunum eru formsatriði fyrir leikinn gegn „stóra“ liðinu í riðlinum.

Í Morgunblaðinu er vísað í gamla góða tíma eftir fyrsta leik undankeppninnar hjá strákunum eða eins og segir í blaðinu: „Þessi liðsheild minnti einna helst á hópinn sem Guðjón Þórðarson náði að setja saman 1988-99 og var næstum búin að koma Íslandi á EM 2000“ (Víðir Sigurðsson, 2008). Það er hægt að lesa úr þessum orðum að menn sjái ljósið, það er að segja menn sjái eitthvað sem er á réttri leið. Talað um að liðið sé á mikilli uppleið en annað átti eftir að koma í ljós. Í undankeppninni hjá karlaliðinu er, eins og áður sagði, einnig mikið meira rætt um íslenska andann og baráttuna, vísað í þjóðarstoltið. Dæmi um það má finna í umfjöllun Morgunblaðsins eftir 2-0 tap gegn Hollandi. „Það verður ekki tekið af íslenska liðinu að baráttan var góð í liðinu og menn virtust leggja sig allan í verkefnið“ (Guðmundur Hilmarsson, 2008)

Gegnum gangandi í umfjöllun í fyrri undankeppni kvennamegin er að kastljósinu er beint að einum leikmanni í staðinn fyrir gömlu góðu íslensku liðsheildina eins og svo oft hefur verið kennitákn íslenskra landsliða, eins og til að mynda orðfærið um strákana okkar er dæmi. Fyrirsagnir þar sem fjallað er um kvennalandsliðið eru oftast en ekki um einn leikmann – vísað í einstaklinginn. Það eru miklar áherslur á stjórnur liðsins í gegnum keppnina og minni áhersla lögð á liðsheildina - sem hefur einkennt Ísland svo lengi. Af fjórum umfjöllunum Fréttablaðsins af tíu um kvennalandsliðið í þessari keppni er leikmaður settur í fyrirsögnina og rauði þráðurinn í undankeppninni er að aðrir en leikirnir gegn Frakklandi séu hálfgerð „upphitun“. Minna gert úr hverjum leik fyrir sig? Að sama skapi má sjá í umfjöllun miðlana um karlalandsliðið á þessum sömu árum að þar er áherslan önnur. Ekki ein grein Fréttablaðsins af þeim átta sem voru í undankeppninni fyrir HM 2010 var tengd einum leikmanni og í fyrirsögnunum var einu sinni nefnt nafn og þá var það nafn Ólafs Þjálfara. Einnig má sjá meiri hreinskilni og gagnrýni varðandi karlalandsliðið heldur en í umfjöllun um kvennaliðið. „Ljós við enda ganganna“, „Bitlaust og bensínlaust“ og „Enn ein sorgarsagan gegn Skotum“ eru á meðal þeirra fyrirsagna sem koma fyrir í Fréttablaðinu hjá strákunum í þeirri undankeppni. Morgunblaðið fer svipaða leið; „Vonbrigði enn einn ganginn“ og „Björguðu andlitinu eftir hlé“ voru á meðal fyrirsagna hjá Morgunblaðinu. Taka skal þó fram að gengi liðanna var auðvitað mjög ólíkt - en þó má klárleg sjá mun á umfjöllunarefni liðanna; hvað varðar efnistöð, gagnrýni og fyrirsagnir. Gagnrýni þarf nefnilega ekki alltaf að vera neikvætt hugtak.

Það vekur athygli að þrátt fyrir að kastljósinu hafi verið beint að einstökum leikmönnum í fyrirsögnum þá var lítið um gagnrýni á einstaka leikmenn kvennamegin. Vissulega gekk liðinu vel en það var eins og miðlarnir tipluðu á tánum í kringum leikmenn. Það má meðal annars sjá eftir einn leik liðsins í undankeppninni. „Guðbjörg virkaði fremur órugg í leiknum, vindurinn hafði líklega áhrif, en hún varði nokkrum sinnum mjög vel“ (Hjalte Þór Hreinsson, 2010). Þarna er byrjað að gagnrýna en það svo dregið til baka. Hver ætli sé ástæðan fyrir því? Hræðsla við að gagnrýni tejist kynjaslagsíða? Það var komið fram í sjöunda leik er fyrsta gagnrýnin á einstaka leikmann kom. „Það verður hins vegar að segjast eins og er að ákvörðunataka Hólmsfríðar er ekki nægilega góð. Hún þarf að öðlast betri tilfinningu fyrir því hvenær hún á að gefa boltann fyrir markið og hvenær hún á að reyna upp á eigin spýtur. Það getur verið pínlegt á að horfa þegar markamaskínan Margrét Lára Viðarsdóttir stendur óvölduð í teignum en fær ekki boltann af því kantmaðurinn gefur ekki fyrirgjafir“ (Kristján Jónsson, 2010).

Í gegnum undankeppnina er talað um konurnar hafi unnið leik til þess að halda sér á lífi í baráttuna við Frakkland um sæti á HM. Lítið var lagt upp úr hverjum sigri og leik og þess í stað virtust blöðin vera að bíða eftir einhverjum öðrum leik. Það var satt og rétt að leikurinn gegn Frökkum var mikilvægur en minna var gefið fyrir sigra kvennaliðsins en karlaliðsins og lítið talað um íslenska liðið eða sjálfst þjóðarstoltið og fleira í þeim dúr. Það er ekki oft vísað í íslenska stoltið. Einungis einu sinni í báðum blöðunum vísun í stoltið og íslenska merkið. „Ísland er land þitt,“ sagði í umfjöllun Morgunblaðsins eftir 2-0 sigur á Serbíu á útivelli (Sigurður Elvar Þórólfsson, 2010).

Tónninn er mun hvassari og hreinskilnari gagnvart karla liðinu í þessari sömu keppni: „Nýr kafli í sorgarsögu landsleikja Íslands og Skotlands var skrifaður í gær. Ísland átti slæman dag gegn miðlungslíði Skota þar sem ódýr mistök urðu liðinu að falli.“ Hreinskilni. (Eiríkur Stefán Ásgeirson, 2009). Sami tóninn heldur áfram er líða fer á undankeppnina og menn eru óhræddir við að gagnrýna karlaliðið og ákvarðanir Ólafs. Til samanburðar er ekki ein gagnrýni, hvorki í Fréttablaðinu né Morgunblaðinu, á ákvarðanir Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar í allri undankeppninni á meðan víða er hægt að finna á fleiri en einum stað í bæði Frétta- og Morgunblaðinu gagnrýni á Ólaf þjálfara karlaliðsins. Þannig var meira fjallað um einstaka leikmenn hjá konunum en samt var gagnrýnin meiri hjá körlunum - sem er mjög áhugavert. Samband sem virðist ekki spila alveg nægilega vel saman.

Síðari undankeppnin – hvernig breyttist umfjöllunin?

Þegar horft er til síðari undankeppninnar er ljóst að einhverjar breytingar hafa átt sér stað á þeim tæpa áratug sem á leið milli keppna. Í Morgunblaðinu eru strax eftir fyrsta leikinn settar ákveðnar kröfur á kvennalandsliðið. Liðið vann stórsigur á Færeyjum og talað um skyldusigur hjá liðinu en einnig var talað um heildarframmistöðu liðsins og vinnuframlag alls liðsins en ekki einstaka leikmönnum gerð hátt undir höfði, eins og mátti sjá í hvívetna í fyrri undankeppnini. (Víðir Sigurðsson, 2017). Í næsta leik þar á eftir vannst einn stærsti sigur kvennaknattspyrnunnar þegar liðið vann stórbjóðina Þýskaland. Í Fréttablaðinu er aftur þá vísað í liðsframmistöðuna og vísað í að allt liðið hafi verið stórkostlegt. Það er áhugavert þó að lesa umfjöllunina í Morgunblaðinu um þennan frækna sigur en „umfjöllunin“ var í raun bara viðtöl.

Minna var um það í síðari undankeppninni að blaðamennirnir byggðu aðeins upp spennu fyrir leikina gegn „stóru“ þjóðunum og meiri virðing var borin fyrir hverjum sigri fyrir sig. Hver svo sem ástæðan kann að hafa verið, þá var ljóst að meiri virðing var komin fyrir hverjum einasta sigri kvennalandsliðsins. Meira að segja þegar liðið gerir jafntefli í Tékklandi á útivelli er ekki talað um slaka frammistöðu eins og í nokkrum sigurleikjunum í fyrri undankeppninni heldur er talað um að liðið hafi heimsótt erfiðan útivöll og þetta hafi verið gott stig, eitthvað sem svipar til umfjöllunar um karlalandsliðið í fyrri undankeppninni (Ástrós Ýr Eggertsdóttir, 2017). Áfram hélt undankeppnin síðan og þegar liðið vann 5-0 sigur í Færeyjum var farið í það í Morgunblaðinu að tala um að konurnar hafi haldið sínu striki og stefni í hraðbyri í átt að umspili um sæti á HM. Ætla má ef sömu teikn hefðu verið uppi þarna og í fyrri undankeppninni hefði hugsanlega verið talað um hörmulegt lið andstæðinganna og fleira í þeim dúr.

Í næsta leik kvennalandsliðið kveður við gagnrýninn tón sem hefði mögulega mátt vera einnig í fyrri undankeppninni, jafnvel þótt að vel hafi gengið. „Leikurinn í gær var ekkert listaverk út frá fagurfræði knattspyrnunnar,“ sagði í frétt Morgunblaðsins um 2-0 sigur á Slóveníu (Kristján Jónsson, 2018). Í grein um sama leik í Fréttablaðinu er mikið lagt upp úr heild íslenska liðsins og mikilvægi íslensku liðsheildarinnar. Það er þó einnig fróðlegt að sjá hvernig tveir mismunandi blaðamenn sjá sama leik á ólíkan hátt. Það sýnir kannski ákveðna þróun kvennafótboltans á Íslandi almennt að stór hluti af frétt Morgunblaðsins eftir 2-0 tap gegn Þýskalandi fer í að tala um að það hafi verið fullt á pöllunum og áhorfendamet slegið.

Ákveðnum toppi hafi verið náð í kvennaboltanum en hart hafði verið unnið að því síðustu tíu árin og væntanlega rúmlega það að fylla Laugardalsvöllinn. Það tókst loksins en liðinu mistókst þó að koma sér í umspilið eftir jafntefli gegn Tékklandi, líkt og í fyrri leiknum. Ef rýnt er í umfjöllunina þar er ljóst að hreinskilnin og gagnrýnin er mun sjáanlegri. „Leiðarlök eftir dapra frammistöðu“ segir í Fréttablaðinu. „Fyrstu 40 mínúturnar í seinni hálfleik voru ömurlegar af Íslands hálfu og sennilega það versta sem liðið hefur sýnt frá leiknum gegn Austurríki á EM“ (Ingvi Þór Sæmundsson, 2018). Í Morgunblaðinu segir einnig að niðurstaðan sé vonbrigði og blaðamennirnir eru óhræddir við að rýna til ganga.

Þegar litið er yfir heildarkeppina er ljóst að tónninn gagnvart leik kvennaliðsins er gagnrýnni - og virðist vera að það sé meiri virðing borin fyrir hverjum leik fyrir sig. Liðið er gagnrýnt þegar þess er þörf - og það er kannski aðalmunurinn á seinni og fyrri undankeppninni. Einnig er meira talað um sjálfan leikstíl liðsins og gagnrýnt og hrósað því sem vel er gert í fótboltafræðunum í stað þess að tala um „auðvelda“ hluti eins og baráttu og fleiri lýsingarorð sem eru ekki endilega mjög greinandi. Horft er meira á taktík, þjálffræðina og fleira sem er meira heillandi fyrir sjálft knattspyrnufólkið og áhangendur að lesa um heldur en t.d. að stelpurnar hafi lagt sig fram. Umfjöllunin er orðin faglegri og sambærilegri við það sem þekkist hjá karlalandsliðinu.

Þegar litið er til leikja karlalandsliðsins þá má sjá svipaða þemu og í fyrri undankeppninni. Vísað er í „Gamla góða Íslandið.“ Blaðamenn eru óhræddir við að gagnrýna og segja sína skoðun. „Dýrkeypt mistök urðu Íslandi að falli“ og „Verðskuldað tap í Albaníu“, eru á meðal fyrirsagna Fréttablaðsins úr þeirri undankeppni en haldið er áfram á svipaðri braut og frá undankeppninni 2008 þó að gengið sé auðvitað á allt öðru, öðru stigi.

Mat landsliðskvenna

Það er mismunandi hvernig bæði fyrrum og núverandi landsliðskonur sjá stöðuna. Fanndís Friðriksdóttir spilaði með íslenska liðinu í báðum undankeppnum, og er enn að. Hún segir að umfjöllunin hafi þróast en á erfitt með að setja fingur á hvernig hún hafi þróast eða skilað sér út á við. Hún segir þó að hún sjái mikinn mun á hversu mikið skilar sér í blaðið sjálft - í samanburði við hvað fer á netið. „Það er að sjálfsögðu munur á umfjöllun um karla- og kvennalandsliðið enn þann dag í dag - og sá munur á kannski rétt á sér að einhverju leyti. Ég hef gaman af því að fylgjast með karlalandsliðinu og skoða þær fréttir en fjölmiðlar gætu

kannski hugsað að því meiri púðri sem er eytt í að skrifa um kvennafótboltann því meira gæti það skilað sér út til almennings.“ Aðspurð segist hún ekki gera greinarmun á Morgunblaðinu og Fréttablaðinu en segir myndstærð fyrrnefnda blaðsins gera mikið fyrir þær umfjallanir sem hún hefur lesið sem er í takt við þær upplýsingar sem komu fram hér að framan. (Fanndís Friðriksdóttir, munnleg heimild, 14. mars 2020)

Edda Garðarsdóttir lagði skóna á hilluna 2013. Hún lék lengi vel í atvinnumennsku en hún spilaði rúmlega hundrað landsleiki og það verður seint sagt að Edda liggi á skoðunum sínum. Hún segir að það hafi mikið breyst frá því að hún spilaði sína síðustu landsleiki. „Mér finnst umfjöllunin orðin faglegri. Lýsingarorðin hafa breyst fyrir leik leikmanna og það er minna verið að tala um orð eins og duglegar og það er meira talað um taktík liðsins. Einnig er meiri gagnrýni á leik liðsins sem skilar sér í betri umræðu og umfjöllunin er heilt yfir orðin betri og faglegri þó að það væri gott að tala ekki alltaf við sama fólkið.“ Um muninn á karla- og kvennalandsliðinu sagði Edda: „Umfjöllunin um kvennaleiki virðist meira byggð á hressum umfjöllunum á meðan alvaran virðist meira hjá strákunum þar sem þekkingin er meiri. Nálgunin er öðruvísi því efniviðurinn er rýr kvennamegin.“ Hún segir að nokkrir leikmenn fylgist með öllu því sem gerist karlamegin og beri það saman. Hún segir að munurinn á Fréttablaðinu og Morgunblaðinu sé afar einfaldur: „Fréttablaðið fjallar meira um karlaleikina en kvennaleikina og fagmennskan er meiri Morgunblaðsmegin.“ (Edda Garðarsdóttir, munnleg heimild, 2. maí 2020)

Margrét Lára Viðarsdóttir er ein besta knattspyrnukona í sögu íslenska landsliðsins og einnig sú markahæsta í sögu landsliðsins með 78 mörk. „Í umræddi undankeppni, fyrir lokakeppnina, árin 2008-2009 og þegar bæði stuðningsmenn og fjölmiðlar sáu fram á það að við ættum orðið stóran möguleika á að komast á stórmót, þá fannst mér umfjöllun fyrir landsleiki taka stórt stökk. Það var vakin töluvert meiri athygli á leikjum okkar og umfjöllunin varð meiri og dýpri. Þarna fannst mér persónulega verða mesta breytingin hvað varðar umfjöllun um kvennalandsliðið. Síðan þá hefur þetta komið í bylgjum og er það mín skoðun að þegar leikirnir eru mikilvægir eða „stórir“ fyrir fjölmiðlum þá sé umfjöllunin meiri. Breytingin frá 2009-2019 finnst mér alveg vera einhver en mér finnst umfjöllunin fara miklu meira eftir mikilvægi leiksins eða hver andstæðingur okkar er. Leikir sem að hafa verið mjög mikilvægir en spilaðir við lið sem er ekki stórt á pappírnum hafa oft fengið litla sem enga umfjöllun því miður.“

Hún segist orðin leið á endalausum samanburði við karlalandsliðið. „Persónulega finnst mér öll þau umfjöllun sem að karlarnir fá vera frábær og þeir eiga hana alla skilið og gott betur. Ég er orðin þínu leið á þessum samanburði endalaust. Gerum bara kvennalandsliðum okkar hátt undir höfði og vekjum athygli á því sem stelpurnar eru að gera óháð því hvað er gert fyrir strákana. Fyrir mér á þetta ekki að vera samkeppni þarna á milli heldur eiga allir að standa saman í því að fjalla vel og ítarlega um landsliðin okkar.“ Hún segir að það sé misjafnt eftir leikmönnum hversu mikið þeir fylgjast með. „Það er erfitt fyrir mig að svara fyrir hönd annarra leikmanna en ég reikna með því að leikmenn lesi eitthvað af þessari umfjöllun og hafi mögulega einhverja skoðun á henni. Ég persónulega las ekki mikið um það sem skrifað er fyrir eða eftir leiki þegar ég var leikmaður sjálf, en maður fann það oft á umfjölluninni hversu margir voru í stúkunni. Mér fannst það mjög áberandi að eftir því sem að fjölmiðlar töluðu meira um leikina, og með lengri fyrirvara þá mættu fleiri á völlinn. Þarna skipta fjölmiðlar mestu máli fyrir leikmanninn af því að stuðningur skiptir öllu máli. Þess vegna finnst mér að umfjöllun um íþróttir eigi að snúa að áhorfandanum og stuðningsmönnum en ekki endilega leikmönnum. Umfjöllun á fyrst og fremst að snúast um þá sem að koma á völlinn og styðja við liðið.“ (Margrét Lára Viðarsdóttir, munnleg heimild, 28. apríl 2020)

Sjónarhorn fjölmiðlamanns

Tómas Þór Þórðarson starfaði bæði á Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann tíma sem umræðir, það er að segja á árunum 2009 til 2019. Nú starfar hann sem yfirmaður enska boltans á Símanum. „Eftir því sem liðinu fór að ganga betur og það fór að komast inn á hvert Evrópumótið á fætur öðru jókst umfjöllunin smám saman með hverju árinu sem var og er það jákvæð þróun. Eftir því sem umfjöllunin varð meiri fóru leikmenn liðsins líka að skólast alltaf betur og betur til í samtali við fjölmiðla og þannig urðu viðtöl fyrir og eftir leiki betri. Íslenska kvennalandsliðið hefur vissulega ekki fengið jafn mikla umfjöllun og karlalandsliðið en hún hefur engu að síður verið góð og alltaf að batna. Freyr Alexandersson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, sagði eitt sinn í lokuðu herbergi við íþróttafréttamenn frá öllum Norðurlöndum að honum þætti mikið til þess koma að sömu blaðamenn fjölluðu um landslið karla og kvenna.“

„Færustu blaðamenn landsins sinntu kvennalandsliðið jafnvel og karlalandsliðinu en í mörgum öðrum löndum, t.d. á Norðurlöndum, þykir það oft ekki merkilegt að fjalla um

kvinnaknattspyrnu. Það er ekki vandamál hér á landi. Allir fjölmiðlar landsins sem fjalla um íþróttir hafa farið á stórmótin þrjú og sinnt þeim vel en það sem hefur vantað upp á er að allir fjölmiðlar fylgi kvennalandsliðinu í útileiki eins og gert er hjá körlunum.“

Eins og áður segir hefur Tómas unnið á bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og þar fann hann fyrir mun, án nokkurs vafa. „Morgunblaðið lagði, að mér fannst þegar að ég starfaði þar 2012-2014, mun meiri áherslu á umfjöllun um kvinnaknattspyrnu heldur en 365. Ég var oft einn á leikjum í efstu deild kvenna og ef kvennalandsliðið var að spila landsleik á útivelli vorum við alltaf með textalýsingu. Þetta hefur svo meira og minna haldist hjá Morgunblaðinu. 365, nú Sýn, hefur heldur betur bætt í og er að sýna frá efstu deild og hefur stóraukið umfjöllun um íslenska boltann og landsliðið sem er vel.“

Þegar undir hann var borið afhverju strákarnir fá meiri gagnrýni á sín störf en stelpurnar, eins og fram hefur komið í rannsókn, sagði Tómas að þar væri eðlileg skýring á. „Þeir voru og eru kannski ekkert mikilvægari þó þeir séu augljóslega mun vinsælli eins og sést á áhorfenda, áhorfs- og lestrartölum. Það er bara samþykktara í karlafótbolta að gagnrýna meira því karlmenn eru vanari því þó leikmennirnir sumir hverjir og þeim sem standa þeim nærri eru ekkert alltaf ánægðir með það sem er sagt og skrifað. Það erfiða við að gagnrýna leikmenn kvennalandsliðsins í gegnum tíðina hefur ekki snúið að leikmönnum, þeir geta tekið því ef þeir eiga slæman leik, en foreldrar þeirra hafa oft verið mikil pína. Það getur oft verið mikið vesen að skrifa alvöru gagnrýni á kvennalandsliðið því fólk út í bæ reiðist oft mikið fyrir hönd stelpnanna og kemur þeim til varnar þrátt fyrir að þær biðji ekki um það. Þetta fólk áttar sig ekki á að með því að skamma fjölmiðla fyrir að skrifa eitthvað sem er satt og rétt er það um leið búíð að ákveða að leikmaðurinn sé ekki nógu mikill karakter til að taka gagnrýninni og það er í raun mun verra heldur en að leikmaðurinn sé gagnrýndur.“ (Tómas Þór Þórðarson, munnleg heimild, 9. maí 2020)

Umræður

Hverjar eru umbæturnar? Þarf einhverjar umbætur? Hvað skal til til að jafna þetta algerlega? Er það hægt? Er umfjöllunin í takt við áhugann? Þetta eru allt stórar spurningar sem fólkið sem stendur hreyfingunni næst og fjölmiðlarnir verða að svara sjálfir fyrir. Niðurstöður þessarar athugunar sýna að verulegar breytingar hafa orðið á umfjöllun um kvinnaknattspyrnu eftir því sem árin hafa liðið. , Umfjöllunin hefur bæði aukist að umfangi

og vægi og samhliða hefur hún dýpkað og orðið meira greinandi. Gagnrýnni tónn er nú orðinn áberandi og efnistöð er orðin mjög svipuð því sem þekkist í umfjöllun um karlknattspyrnu. Þetta virðist haldast í hendur við vaxandi gengi kvennknattspyrnunnar og er líklega endurspeglun á þeirri almennu viðhorfsbreytingu að kvennknattspyrna skipti orðið meira máli en áður. Er það í samræmi við fyrri niðurstöður rannsókna að karlaíþróttir hafi verið taldar skipta meira máli en kvennaíþróttir – hafi verið meira alvörumál - og því hafi umfjöllun um karla verið hvassari og gagnrýnni en um konur í íþróttum (Kjartan Ólafsson o.fl. 2007). En auðvitað má alltaf bæta og gera betur. Það er hægt í kvennknattspyrnunni eins og svo margs staðar annars staðar. Nýttækt dæmi er að allir leikir í fyrstu umferð Pepsi Max-deildar karla 2020 verða sýndir í beinni útsendingu í sjónvarpinu vegna samkomubanns en ekki leikirnir í kvennadeildinni. Segja má að þar birtist gildismat sem tengja má við fortíðina og koma hefði mátt í veg fyrir.

Það vefst ekki fyrir einum né neinum að í algjörlega fullkomnum heimi yrði fjallað jafnt um bæði karla- og kvennknattspyrnu. Í veruleikanum getur þó orðið erfitt að ná algjöru jafnvægi - og hvernig ætti að mæla það? Það er í raun afar erfitt að setja einhverja raunhæfa mælistiku á umfjöllunina og að mörgu að hyggja í þeim efnum. Vinsældir og áhugi almennings ráða miklu um hvað fjölmiðlar kjósa að fjalla um og vinsældir og áhugi almennings ræðst að verulegu leyti af því hvað fjölmiðlarnir fjalla um. Mikilvægast er væntanlega að stefnumörkun knattspyrnusambanda vítt um heim taki mið af þessum jafnréttisviðhorfum sem deila má um hvort eru alls staðar höfð í heiðri eins og málaferli bandaríska kvennalandsliðsins nú um stundir bera vott um (Sindri Sverrisson, 2020).

Umræðan er eins og áður segir ekki ný af nálinni eins og fram hefur komið í þessari ritgerð. Megin niðurstöðurnar sýna jafnframt að sjónarmið Margrétar Láru Viðarsdóttur hafa við rök að styðjast, þ.e. að leikurinn, andstæðingurinn og liðsheildin er farin að skipta álíka miklu máli hjá körlum og konum. Umfjöllunin er almennt orðin nokkuð þétt og fagleg en kvennamegin hefur hún þó verið nokkuð mismunandi eftir árum og hvaða liðum er verið að spila á móti. Megin tíðindi rannsóknar niðurstæðanna felast einmitt í vísbindingu um að á Íslandi sé staðan þrátt fyrir allt nokkuð góð varðandi jafnrétti í umfjöllun – slík hefur breytingin verið á milli þeirra tveggja tímabila undankeppna í knattspyrnu sem hér hafa verið skoðaðar.

Heimildaskrá:

Auður Ösp. (2016, 3. maí). Landsliðkona segir umfjöllun um kvennaknattspyrnu sorglega litla: Áhuginn er einfaldlega ekki til staðar. *DV*. Sótt af

<https://www.dv.is/fokus/folk/2016/05/03/landslidskona-segir-umfjollun-um-kvennaknattspyrnu-sorglega-litla-ahuginn-er-einfaldlega-ekki-til-stadar/>.

Auður Ösp. (2016, 10. febrúar). Handboltakona hjá Gróttu: „Afhverju fær kvennaboltinn ekki nákvæmlega sömu umfjöllun og karlaboltinn?“ *DV*. Sótt af

<https://www.dv.is/fokus/folk/2016/02/10/handboltakona-hja-grottu-afhverju-faer-kvennaboltinn-ekki-nakvaemlega-somu-umfjollun-og-karlaboltinn/>.

Ástrós Ýr Eggertsdóttir. (2017, 25. október). Stríðsleikur í Tékklandi. *Fréttablaðið*, bls. 22.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson. (2009, 2. apríl). Enn ein sorgarsagan gegn Skotum. *Fréttablaðið*, bls. 74.

Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir (2010). Konur og karlar í fjölmiðlun. Í nafni Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn* (bls. 35–45). Reyjavík: Háskóli Íslands.

Gott að Margrét Lára sé í frábæru formi. (2009, 17. ágúst). *Fréttablaðið*. *Fréttablaðið*, bls. 34.

Guðmundur Hilmarsson. (2008, 13. október). Margir ljósir punktar. *Morgunblaðið*, bls. 4.

Henry Birgir Gunnarsson. (2008, 16. október). Skúta Ólafs skipstjóra á réttri leið. *Fréttablaðið*, bls. 56.

Hjalti Þór Hreinsson. (2010, 23. ágúst). Sterkir Frakkar brutu vígi Íslands. *Fréttablaðið*, bls. 46.

Ingvi Þór Sæmundsson. (2018, 5. september). Leiðarlok eftir dapra frammistöðu. *Fréttablaðið*, bls. 10.

Ivana Katsarova. (2019). *Gender equality in sport: Getting closer every day*. Sótt af [https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/635560/EPRS_BRI\(2019\)635560_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/635560/EPRS_BRI(2019)635560_EN.pdf)

Kjartan Ólafsson, Auður Magndís Leiknisdóttir, Birgir Guðmundsson, Gerd von der Lippe, Guðmundur Ævar Oddsson, Margarita Jankauskaite, . . . Mirella Pasini. (2006). *Sports, Media and Sterotypes: Women and Men in Sport and Media*. Sótt af https://www.jafnretti.is/static/files/utgefid_efni_af_gomlu_sidu/sms_report.pdf.

Kristján Jónsson. (2010, 21. júní). Kunna að nota höfuðið. *Morgunblaðið*, bls. 7.

Kristján Jónsson. (2018, 12. júní). Risa stór viðburður framundan. *Morgunblaðið*, bls. 7.

M. Lavoie, Nicole. (2013). *Gender and sports media*. https://doi.org/10.1007/978-94-6209-455-0_3

Óskar Ófeigur Jónsson. (2009, 18. september). Metsigur á slökum Eistlendingum. *Fréttablaðið*, bls. 42.

Óðinn Svan Óðinsson. (2015). *Um fjöllum um kvinnaknattspyrnu á Íslandi*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/21929/1/Umfj%C3%B6llun-um-kvinnaknattspyrnu-%C3%A1-%C3%8Dslandi%20%283%29.pdf>.

Særós Gunnlaugsdóttir. (2019). *Körfnattleikur kvenna og fjölmiðlar. Rannsókn á mikilvægi fyrirmynda og sýnileika kveníþróttar í fjölmiðlum*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/33801/1/K%c3%b6rfuknattleikur%20kvenna%20og%20fj%c3%b6lmi%c3%b0lar%20.pdf>

Sigríður Halldórsdóttir. (2003). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Ásprent.

Sigurður Elvar Þórólfsson. (2010, 29. mars). Hólmfríður var mögnuð. *Morgunblaðið*, bls. 5.

Sindri Sverrisson. (2020, 2. maí). Þær bandarísku töpuðu í jafnlaunamálinu. *Vísir*. Sótt af <https://www.visir.is/g/2020831855d/taer-banda-risku-topudu-i-jafn-launa-malinu>.

Skúli Unnar Sveinsson. (2009, 18. ágúst). Markamet í Laugardalnum. *Morgunblaðið*, bls. 2.

Víðir Sigurðsson. (2008, 8. september). Stóðust prófið í Osló. *Morgunblaðið*, bls. 4.

Víðir Sigurðsson. (2017,). Átta mörk sem geta skipt máli. *Morgunblaðið*, bls. 2.

Þórhildur Ólafsdóttir. (2014). *Samanburður á umfjöllun íslenskra vefmiðla á knattspyrnu karla og kvenna*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/19344/1/Samanb.-Lokaverkefni-Skil.pdf>.